

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

Fundargerð 3. umdæmisstjórnarfundar í Kiwanisumdæminu Ísland-Færeyjar, starfsárið 2011-2012, haldinn laugardaginn 17.mars 2011 kl. 10:00 Kiwanishúsinu Iðavöllum Keflavík

Ragnar óskaði eftir því við fundarmenn að þeir minntust látinna Kiwanisfélaga með því að rísa úr sætum.

Ragnar Örn umdæmisstjóri setti síðan fundinn kl:10:05 og bauð alla velkomna.

Mættir voru:

Ragnar Örn umdæmisstjóri, Hjördís Harðardóttir kjörumdæmisstjóri/stefnumótunarnefnd, Benóný Guðmundsson umdæmisritari, Birgir Sveinsson umdæmisféhirðir, Óskar Guðjónsson fráfarandi umdæmisstjóri, Emelía Dóra Guðbjartsdóttir (Dóra) erlendur ritari, svæðisstjórar: Ágúst Magnússon Sögusvæði, Bergþór Ingibergsson Ægissvæði, Snjólfur Fanndal Freyjusvæði, Sigurjón Pálsson Óðinssvæði, Elin Joensen Færeyjasvæði. Formenn nefnda: Ástbjörn Egilsson laga og ályktananevnd, Einar Már Jóhannesson umdæmisþingnefnd, Björn Ágúst Sigurjónsson styrktarsjóður, Tómas Sveinsson internetnefnd, Gylfi Ingvarsson K-dagsnefnd/tengiliður við fyrverandi umdæmisstjóra, Arnór L. Pálsson

Gestir: Björn Kristinsson forseti Keilis, P.Ragna Pétursdóttir í forföllum Guðmundar Indriðasonar formans hjálmanefndar.

Boðuð forföll: Andrés Hjaltason fræðslunefnd. Þyrí Marta Baldursdóttir upplýsinga og blaðafulltrúi/ritstjóri Kiwanisfrétta, Guðbjörg Brynja Pálsdóttir kvennanevnd, Sigurður Svavarsson útbreiðslu og fjölgunarnefnd. Guðmundur Indriðason formaður hjálmanefndar.

Ragnar Örn sagði fór yfir dagskrá fundarins og þess er beið að honum loknum.

Skýrslur umdæmisstjórnar

- Skýrsla umdæmisstjóra – Ragnar Örn Pétursson
- Skýrsla umdæmisritara – Benóný Arnór Guðmundsson
- Skýrsla umdæmisféhirðis – Birgir Sveinsson sem einnig fór yfir hversu mikil áhrif gengi krónunnar hefur á erlend gjöld félaga.
- Skýrsla svæðisstjóra Freyjusvæðis – Snjólfur Fanndal
- Skýrsla svæðisstjóra Færeyjasvæðis – Elin Joensen
- Skýrsla svæðisstjóra Óðinssvæðis – Sigurjón Pálsson

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

- Skýrsla svæðisstjóra Sögusvæðis – Ágúst Magnússon
- Skýrsla svæðisstjóra Ægissvæðis – Bergþór Ingibergsson

Sjá má rituðu skýrslurnar sem fylgiskjöl með fundargerðinni á vefnum Kiwanis.is

Umræður um skýrslur:

Óskar fór létt yfir sögu mánaðarskýrsluformsins og það hversu oft hafi verið rætt um að bæta það. Einnig þakkaði hann fyrir veittan stuðning við framboð hans til sætis í stjórn KI, mótframboðið var dregið til baka svo hann er sjálfkjörin á evrópuþinginu í Bergen.

Ástbjörn sagði greinilegt að nóg væri um að vera miðað við skýrslur og fagnaði sérstaklega að Elin Joensen skyldi flytja sína skýrslu á færeysku. Einnig gerði hann athugasemdir með röng nöfn og þýðingar á erlendum starfsheitum og benti á að Óskar yrði stjórnarmaður í heimsstjórn.

Konráð Varðandi Drangeyjarmálið (sjá skýrslu svæðisstjóra Óðinssvæðis), þetta er allt í vinnslu, er búinn að vera í samskiptum við umdæmisritara og umdæmisféhirði og vonandi sér fyrir endan á þessu.

Ragnar óskaði eftir því að laganefnd myndi fara yfir þessi erlendu embættisnöfn og íslenska þau til að koma í veg fyrir misskilning. Einnig myndi Ragnar banna fjarfundi ef hann hefði vald til þess og vísaði þar til skýrslu svæðisstjóra sögusvæðis. Ástbjörn benti honum á að hann hefði vald til þess sem Umdæmisstjóri.

Ágúst fór yfir vegalengdir og bensínkostnað klúbba í Sögusvæði ásamt umræðum um hafnarskilyrði.

Birgir mótfallinn fjarfundum og benti á að svæðisráðstefnum hefði verið fækkað úr þremur í tvær vegna langra vegalengda. Hvað næst, engin ráðstefna?

Sigurjón Ræddi um svæðisráðstefnu í Óðinssvæði. Mikil og góð mæting. 19 mættu á síðustu ráðstefnu.

Benóný sagði fjarfundarbúnað eiga rétt á sér sem viðbót en ekki í stað svæðisráðstefna.

Ágúst sagði þetta einmitt hugsað þannig.

Ragnar stórt verkefni framundan Ísgolf þurfum að undibúa okkur vel til að geta haldið kynningarstarfinu áfram, sérstakega þegar kvennmaður tekur við sem umdæmisstjóri.

Umræðum um skýrslur stjórnar lokið.

Skýrslur nefndarformanna.

Skýrsla fræðslunefndar – Benóný

Skýrsla kvennanefndar – Hjördís

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

Skýrsla hjálmanefndar – P. Ragna
Engin skýrsla barst frá útbreiðslu og fjölgunarnefnd.
Skýrsla K-dagsnefndar og rekstraryfirlit –Gylfi
Gylfi greindi einnig frá því að einn fundur hefði verið haldin hjá einherjum þar sem hann tók við sem goði.

Matarhlé

Skýrsla internetnefndar – Tómas
Skýrsla þingnefndar – Einar Már
Skýrsla styrktarsjóðs – Björn Ágúst
Skýrsla gagnagrunns- Konráð
Skýrsla tryggingasjóðs – Arnór. Ekki skrifleg Formaður bað að heilsa
1 júlí 2011 voru 755 í sjóðnum í dag eru 750. 10 fráfall rukkuð í tveimur greiðslum = 2 x 4650 greiddar 500 000 kr per fráfall. Greidd hafa verið 10 það sem af er starfsári en starfsár sjóðsins er 1. júlí-31. Júní. Eiginfé sjóðsins er 8.147.757 þ.e. hann á fyrir 16 fráfallum. 70% af rukkuðu gjaldi er greitt beint út en 30% fara í sjóðinn sem varasjóður. Breytingar hugsanlega framundan, ef fækkar í sjóðnum lækka greiðslur úr honum. Greiddar yrðu 380þús kr. Miðað við 650 félaga. Einnig var tilkynnt að meðalfjöldi fráfalla síðustu 10 ár er 9 félagar.
Skýrsla laga og vinnuhóps- Ástbjörn

Umræður um skýrslur:

Dóra óskaði eftir link inn á lagasafn hreyfingarinnar á heimsíðu Kiwanis.is
Gylfi benti á að það væri við hæfi að hafa link inn á heimasíðu Unicef á okkar síðu þar sem við værum í nánú samstarfi við þá í NMT verkefninu. Einnig spurði hann hversu oft við uppfærðum félagatal okkar hjá KI, sagði svo leitt ef félagar væru að segja sig úr tryggingasjóðnum.

Konráð svaraði Gylfa að uppfært væri einu sinni á ári til KI.

Ágúst óskaði eftir svari við því hvað væri viðunandi mæting á fundi?

Svarað var úr sal 60%, einnig spurði hann hvort ásættanleg væri að halda engan fund?

Óskar þakkaði Adda(Ástbjörn) vel unnin störf, fór síðan létt yfir fjárhag evrópustjórnar og sagði að búið væri að skipa féhirði.

Sigurjón Gagnleg að sitja svona fund, ræddi um hjálmamál, finnst við vera missa hjálmaverkefnið, félagar og aðrir vilja ekki litaskiptingu á hjálmum.

Ragnar fór lauslega yfir fjármál evrópustjórnar, þar ætluðu menn að humma hlutina fram af sér. Í dag er samningur í gangi milli KI og KI-evrópu og ekki víst að hann verði endurnýjaður. En umdæmisstjórnar í evrópu hafa óskað eftir aukafundi þeir hafa 9 atkvæði af 13 í stjórn.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

Ástbjörn Ef við leystum upp evrópustjórnina myndum við sennilega ekki finna fyrir neinu. En það er ekki óþékt að vandræði séu innan evrópustjórnar, 1993 var stjórnin rekin. Það vantar verkefni, engin árangur næst í fjölgun þó stofnaðar séu nefndir í evrópu.

Ragna Ólafur hjá markaðsdeild Eimskipa er tilbúinn að svara öllum fyrirspurnum tengdum hjálmunum. Bæði jafnrétisstofu og öðrum.

Ástbjörn yfirlag fundinn.

Ragnar las umsókn frá Eldey um að halda umdæmisþing 2014 var það samþykkt með lofaklappi.

Hjördís las ávarp sitt sem kjörumdæmistjóri.

Kjörorð hennar verða " Kiwanishjarta er allt sem þarf", en markmiðin eru "Efling, sýnileiki, jákvæðni, framsækni"

Hún kynnti Hörð verðandi umdæmisritara, Guðbjörgu verðandi féhirði og Tómas verðandi erlendan ritara. Hún sagði jafnframt að flestir nefndarformenn væru komnir.

Svæðistjórafræðsla fór fram síðustu helgi, forsetafræðslan fer fram í apríl þá verður líka farið norður, Elín mun sjá um fræðslu færeysku forsetanna og verðandi svæðisstjóra, Þingnefnd Hjördísar hefur einnig tekið til starfa.

Arnór lagði fram fjárhagsáætlun umdæmissins og Kiwanisfrétta 2012-2013 henni var vísað til samþykktar umdæmisþings.

Ákvörðun um þingjald var unnin í góðri samvinnu fjárhags og þingnefndar. Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun þingsins en gert er ráð fyrir 2800 kr gjaldi per féлага. Áætlunin var borin upp með tillögu um samþykkt. Samþykkt af fundarmönnum.

Ragnar sagði þetta hafa verið góðar umræður og mjög öflug framvarðarsveit sem hér er samankomin. Fundarmen væru mun fróðari um tryggingassjóðinn.

Fundi slitið 14:32

Benóný Arnór Guðmundsson
Umdæmisritari.